

Ed.

274. Nefndarálit

[107. mál]

um frv. til l. um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klofnað um málið, og er ég andvígur veiganiklum atriðum frv. og þeirri meginstefnu, sem í því felst. Nauðsynlegt er, að nú þegar séu afgreidd lög um það efni, sem felst í I. kafla frv., um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins, og er enginn ágreiningur um það, enda liggur nú fyrir neðri deild frv. um það efni frá samflokksmönnum mínum, þar sem málið er tekið þeim tókum, að rekstur útvegsins mundi vera vel tryggður og öll aðstaða hans breytast mjög til batnaðar, ef það næði samþykki. En eins og I. kafla frv. ríkisstjórnarinnar er nú, mundi það ekki nægja til að tryggja rekstur bátaútvegsins, til þess þarf að hækka ábyrgðarverðið á fiskinum, enda hafa samtök útvegsmanna lýst því yfir, að útgerðin hljóti að stöðvast, ef ekki verða gerðar frekari ráðstafanir, eins og meðfylgjandi bréf ber með sér.

Um II. kafla frv. er það að segja, að í því formi, sem hann er í, nær hann ekki þeim tilgangi að verða aðstoð fyrir bátaútveginn, heldur mundu ákvæði hans valda miklum truflunum í rekstri útvegsins.

Þriðji kaflinn miðar að því að auka mjög dýrtiðina í landinu, og tel ég, að samþykkt hans mundi hafa mjög skaðvænleg áhrif.

Ég tel því rétt að afgreiða þetta mál þannig, að samþykkja I. kaflann með veiganiklum breytingum, sem ég mun bera fram, og fylgja öðrum þeim breytingartillögum til bóta, sem fram kunna að koma. Þá tel ég rétt að samþykkja 13. gr. í II. kafla, sem fjallar um heimild til eftirgjafa á styrktarlánnum bátaútvegsins, en fella aðrar greinar kaflans, sem fjalla um skuldaskil hans.

Loks legg ég til, að III. kaflinn verði felldur, en í stað þess verði tillögur um fjáröflun, sem kunna að vera nauðsynlegar, lagðar fram í sérstöku frumvarpi.

Alþingi, 18. des. 1948.

Brynj. Bjarnason,

Fylgiskjal.

Til Alþingis, Reykjavík.

Á fundi, sem haldinn var í dag í stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna, með formanni Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og sjávarútvegsnefnd L. Í. Ú., var til umræðu frumvarp til laga um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi í gær, fimmtudaginn 16. desember.

Eftirfarandi ályktanir voru gerðar á fundinum í sambandi við umrætt frumvarp þetta, og leyfum vér oss hér með að senda þær hinu háa Alþingi í trausti þess, að þær verði teknar til gaumgæfilegrar athugunar við afgreiðslu frumvarpsins:

I.

Fundurinn telur, að frumvarpið feli engan veginn í sér ákvæði, er skapi grundvöll undir rekstri vélbátaflotans og hraðfrystihúsanna á næsta ári, og harmar það, að ríkisstjórn og Alþingi skuli enn ekki sjá sér fært að gera slíkar ráðstafanir.

II.

Fyrsti kafli frumvarpsins kveður á um verð á fiski veiðiskipa og framleiðslu hraðfrystihúsa.

Fundurinn vill benda hinu háa Alþingi á það, að verð þetta er allt of lágt ákvæðið, og vill í þessu sambandi minna á ályktun síðasta aðalfundar Landssambandsins um það, að fiskverðið þyrfti að vera 88 aurar fyrir hvert kíló af slægðum fiski með haus, og samþykkt aukafundar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um það, að frystihúsin yrðu að fá kr. 1.50 fyrir hvert enskt pund af flökum, miðað við 65 aura verð á fiskinum, ef rekstur fyrirtækjanna ætti ekki að stöðvast.

Viðræður, sem fram hafa farið á milli verðlagsráðs sjávarútvegsins og stjórnskipaðrar nefndar, hafa leitt í ljós, að ályktanir aðalfundar Landssambandsins um 88 aura fiskverð, sé sízt of hátt.

Þess vegna telur fundurinn augljóst, að verði engar frekari ráðstafanir gerðar en fram kemur í frumvarpi þessu, hljóti þessar atvinnugreinar að stöðvast, enda hljóta þá allsherjarsamtök útvegsins að beita sér fyrir slíku.

Ef Alþingi og ríkisstjórn vilja komast hjá þeim þjóðfélagslega vanda, sem af þessu mundi leiða, verður að setja inn í frumvarpið ákvæði, sem brúa bilið á milli verðsins í frumvarpinu og þess, sem útvegsmenn og hraðfrystihúseigendur verða að fá.

Landssambandið hefur fyrr og síðar sýnt fram á leiðir út úr þessum vanda-málum, en þær ábendingar ekki teknar til greina.

Fundurinn vill þó ekki láta hjá líða að benda á eftirfarandi atriði, sem gætu orðið til þess að leysa þennan vanda að verulegu leyti:

- a. Að til viðbótar ábyrgðarverðinu, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, fái bátaútvegurinn gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir kr. 10 milljónir, til kaupa á auðseljanlegum vörum, sem upp verði taldar í reglugerð, og að leyfð verði álagning á vörur þessar, auk venjulegrar verzlunarálagningar, kr. 21 milljón, sem greiðist sem uppbót á afla bátaútvegsins árið 1949.
- b. Að til viðbótar ábyrgðarverði hraðfrystihúsanna fái þau gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir kr. 15 milljónir, og að fyrir þennan gjaldeyri fái hraðfrystihúsin að flytja inn hvers konar tilbúinn fatnað og leggja á hann kr. 10 milljónir, auk venjulegrar verzlunarálagningar, sem greiðist sem uppbót á framleiðslu hraðfrystihúsa.

Í þessu sambandi vill fundurinn taka fram, að samkvæmt rannsókn, sem gerð hefur verið af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, mundi ráðstöfun þessi sízt hækka verðið á tilbúnum fatnaði, miðað við það, sem nú er á sams konar innlendri framleiðslu.

- c. Að heimilt verði að ráðstafa gjaldeyri fyrir útflutt hrogn á sama hátt og verið hefur í ár, og að hið sama verði látið gilda um eftirtaldar útflutningsvörur: söltuð og reykt faxasild, smásild, gellur, kinnfiskur, sundmagi, hákarls- og háfsskrápur, hákarls- og háfslýsi, alls konar fiskroð og reyktur fiskur.
- d. Verði leiðir þessar ekki farnar, telur fundurinn hugsanlegt, að ná megi sama árangri með því, að færður verði niður sá reksturskostnaður, sem útgerðin ein greiðir, svo sem veiðarfæri og tryggingargjöld, með greiðslum úr ríkissjóði og að kostnaður vegna veikindaforfalla skipverja verði greiddur af tryggingarstofnunum ríkisins, enda verði hraðfrystihúsunum tryggð tilsvarendi hlunnindi til að bæta rekstur þeirra.

Loks vill fundurinn leggja áherzlu á, að þær ráðstafanir, sem gerðar verða til aðstoðar bátaútvegnum, verði einnig látnar ná til allra eldri togara flotans.

III.

Um annan kafla frumvarpsins vill fundurinn taka fram eftirfarandi:

- a. Fundurinn telur mikilsvarðandi fyrir útvegsmenn 12.—17. gr. frumvarpsins, þó þannig, að 4. liður 13. gr. orðist þannig: „Að útgerðarmaður nái viðunandi samningum við lánardrottna sína, að dómi skilanefndar, á öðrum skuldum sínum, til þess að áframhaldandi rekstur verði rekinn á fjárhagslega tryggum grundvelli.“
- b. Fundurinn getur ekki fallizt á og mótmælir ákvæðum 17. gr. frumvarpsins um lögbvinguð skuldaskil útvegsins.

Í framhaldi af þessu telur fundurinn, að tilgangur frumvarpsins komi mjög misjafnt niður á útvegsmönnum, ef ekki er jafnframt séð fyrir því, að frumvarp til laga um afla- og hlutatryggingarsjóð bátaútvegsins verði afgreitt nú þegar sem lög frá Alþingi, og að það verði látið ná til síldveiðanna 1948.

Verði hins vegar ekki á það fallizt, að afla- og hlutatryggingarsjóðurinn nái til síldveiðanna 1948, verður ekki hjá því komizt að leggja áherzlu á það og mælast eindregið til þess, að framlag ríkissjóðs vegna aflabrests árið 1948 verði hækkað á fjárlögum úr 6 milljónum upp í 12 milljónir króna, og þeirri upphæð úthlutað eftir þeim reglum, sem frumvarp til laga um afla- og hlutatryggingarsjóð ráðgerir.

Fundurinn getur ekki látið hjá líða að lýsa óánægju sinni yfir því, að slíkt frumvarp sem það, er hér um ræðir, skuli borið fram á Alþingi án þess að heildarsamtökum útvegsmanna hafi áður gefizt kostur á að kynna sér frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands íslenzkra útvegsmanna

Karvel Ögmundsson. Sverrir Júlíusson. Finnbogi Guðmundsson.
 Birgir Finnsson. Þórður Ólafsson. J. V. Hafstein.

F. h. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna

Eliás Þorsteinsson.